

**Þjóðmenningarhúsið minnir á að tekið er á móti eldri deildum leikskólabarna á sýningar í Þjóðmenningarhúsinu:**

Óskabarn – æskan og Jón Sigurðsson var sett upp í tilefni af því að í ár eru 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Sýningin er hugsuð þannig að hún höfði til barna á öllum aldri. Brynhildur Þórarinsdóttir, höfundur texta, dregur efni sýningarinnar saman með þessum orðum: Þetta er litrík sýning um sveitastrák í Arnarfirði, búðarsvein í Reykjavík, stúdent og stjórnmálamann í Kaupmannahöfn; unnustuna þolinmóðu, fóstursoninn Sigga litla, byltingar í Evrópu og baráttumál Íslendinga á 19. öld.

Í lok heimsóknar innsigla ég með innsiglislakki bréf sem geymir óskir barnanna um framfarir og réttlæti í samfélaginu, í anda baráttumála Jóns Sigurðssonar fyrr á tíð.

Þúsund ár er yfirlitssýning um íslenska myndlist frá Listasafni Íslands. Um er að ræða fjölbreytt verk: málverk, teikningar, höggmyndir, myndbönd og innsetningar, aðallega frá 20. öld. Hugsunin með móttöku leikskólabarna á sýninguna er að þau hljóti æfingu í að skoða listaverk. Sýningin er skoðuð með leiðsögumanni, staldrað við nokkur og verk og spáð í ýmis atriði. Að lokum er farið í lítinn leiðangur í leit að fjöllum í ólíkum verkum og líka verkum sem eru úr steini.

Þjóðin og náttúran er náttúrulífsmynd eftir Pál Steingrímsson kvikmyndagerðamann. Sögupersónur myndarinnar eru, auk mannsins, dýrin í kringum okkur - íslenski hundurinn, hesturinn, lundinn, æðarfuglinn, gæsin og selurinn. Kvikmyndin samanstendur af 5 mínútna köflum um samspil manna við hvert þessara dýra eða fugla svo samtals er myndin 30 mín. löng.

Mælt er með því að hver heimsókn einskorðist við aðeins eina af ofangreindum sýningum. Heimsóknin er ókeypis. Hafið samband við undirritaða vegna bóknar heimsókna. Ég tek á móti hópum og veiti leiðsögn frá kl. 9 til 16 virka daga. Hver heimsókn varir í ca. 45 mín. til klukkustund. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðunni [www.thjodmenning.is](http://www.thjodmenning.is).

Með kveðju  
Jóhanna Bergmann

-----  
Sérfræðingur / leiðsögn  
Þjóðmenningarhúsinu  
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík  
S. 545-1406 / Gsm. 865-3115  
[johanna@thjodmenning.is](mailto:johanna@thjodmenning.is)  
[www.thjodmenning.is](http://www.thjodmenning.is)